

Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 ÍSAFJÖRDUR

Garðabær, 15. nóvember 2023  
Málsnúmer: 202310-0038  
SS

## Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna baðstaðar í Holtsfjöru.

Vísað er í tölvubréf frá Ísafjarðarbæ í gegnum Skipulagsgátt, dags. 20. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir áætlaða breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og gerð nýs deiliskipulags er varðar uppbyggingu á baðstað í Holtsfjöru í landi Þórustaða í Öfundarfirði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Skipulagslýsingin fjallar um áform við uppbyggingu á baðstað í Holtsfjöru í landi Þórustaða í Öfundarfirði. Stefnt er að því að reisa mannvirki m.a. þjónustubyggingar, aðkomuveg og bílastæði. Notast verður við mannvirki sem fyrir eru að hluta m.a. hluta af gamalli flugbraut og núverandi aðkomuveg en einnig mun þurfa að raska lítt snortnum svæðum.

Endanleg útfærsla á áformaðri uppbyggingu liggur ekki fyrir en hönnunardrög gera ráð fyrir að lágmarka rask og hanna mannvirki þannig að þau falli að landslagi. Það er jákvætt markmið en engu að síður telur Náttúrufræðistofnun að áformin feli í sér umtalsvert inngríp á viðkvæmu náttúrusvæði með töluvert verndargildi og í mikilli nálægð við verndarsvæði á C-hluta náttúruminjaskrár. Þá lendar uppbyggingarsvæðið innan skilgreinds hverfisverndarsvæðis í aðalskipulagi. Taka þarf tillit til þessa og ígrunda vandlega hvort staðsetningin yfir höfuð henti fyrir slíka starfsemi í ljósi mögulegra neikvæða áhrifa á náttúru.

Þar veða þyngst möguleg áhrif af framkvæmd en ekki síst áætlaðri starfsemi og þeirri umferðaraukningu sem henni mun vafalaust fylgja á fuglalíf svæðisins. Athuganir á fuglalífi gegnum tíðina hafa sýnt að við Holtsodda og nálægum fjörum verpa að minnsta kosti sex tegundir og má þar nefna tegundir sem á valista Náttúrufræðistofnunar eru metnar í nokkurri hættu á landsvísi eins og tjaldur og æðarfugl. Fram kemur í skipulagslýsingunni að rask mun örugglega verða á varpi hettumáfs en minna er vitað um aðrar tegundir.

Nákvæm staðsetning á framkvæmdasvæðinu liggur ekki að fullu fyrir en ljóst er þó að það verður í landi Þórustaða og því mitt á milli tveggja friðlýstra æðarvarpa á nálægum jörðum. Hætta er á að æðarvörpin tvö geti orðið fyrir neikvæðum áhrifum af uppbyggingunni og áformaðri starfsemi. Truflun vegna hávaða og aukinnar umferðar þarf sérstaklega að nefna í því samhengi sem getur valdið skaða í varpi og á uppeldistíma æðarunga. Ekki er fjallað um friðlýstu æðarvörpin í skipulagslýsingunni og úr því þarf að bæta.



Einnig ber að nefna að á svæðinu eru viðkvæmar strandvistgerðir ríkjandi þ.m.t. vistgerðir með hátt verndargildi eins og grashólavist. Rask vegna framkvæmda og aukið álag vegna umferðar getur ógnað stöðu þessara vistgerða.

Ef unnið verður áfram að áformum um uppbygginguna og tilheyrandi skipulagsbreytingar er það mat Náttúrufræðistofnunar að nauðsynlegt sé að gera þurfi betri úttekt á náttúru svæðisins þ.m.t. að kortleggja nákvæmlega gróðurfar m.a. útbreiðslu vistgerða með hátt verndargildi og skoða hvaða plöntutegundir finnast á mögulegu framkvæmdasvæði. Þá ætti að gera ítarlega úttekt á fuglalífi, sér í lagi kortleggja útbreiðslu og þéttleika varpfugla á svæðinu og meta hvaða mótþægisaðgerðir eru nauðsynlegar til að draga úr neikvæðum áhrifum vegna uppbyggingarinnar.

Fram kemur að stefnt sé að því að nýta varmaorku úr sjónum til að hita upp baðaðstöðu. Ekki er fjallað um hvernig sú orkuvinnsla mun fara fram, hvaða innviðaupbygging sé nauðsynleg í því sambandi eða hver umhverfisáhrif af henni yrðu. Nauðsynlegt er að greint sé betur frá þessu til að hægt sé að leggja mat á heildaráhrif af uppbyggingu baðstaðarins. Einnig þarf að greina betur frá áætluðu skipulagi veitumannvirkja þ.m.t. fráveitu, sem og göngustíga, áningarstaða o.fl. sem vænta má að nauðsynlegt verði að framkvæma.

Áhrif áformaðrar uppbyggingar á landslag þarf einnig að meta vandlega. Myndir úr fyrstu hönnunardrögum gefa hugmyndir um ásýnd en meta þarf sjónræn áhrif á landslag á markvissari hátt enda landslag Holtsodda og umhverfis nokkuð einstakt og mjög áberandi í Önundarfirði.

Náttúrufræðistofnun er reiðubúin til frekari ráðgjafar um málið.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

